



LANDSSAMTÖKIN  
HEIMILI OG SKÓLI

Reykjavík, 20. 06. 1996

Alþingi

Erindi nr. *D 120/2393*

komudagur *25/6 1996*

Allsherjarnefnd Alþingis  
Sólveig Pétursdóttir formaður

Varðar: Hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár 456. og 457. mál

Landssamtök foreldra, Heimili og skóli þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um hækkun sjálfræðisaldurs. Þar sem efnislega er engin munur á þessum tveimur frumvörpum veljum við að fjalla um þau sem eitt mál. Samtökin styðja þessa breytingu og taka undir þau rök sem birtast í greinargerðum flutningsmanna, m.a. þessi:

Breyttar þjóðfélagsaðstæður. Ungt fólk dvelur lengur í foreldrahúsum en áður t.d. vegna skólagöngu og/eða atvinnuleysis. Unglingstímabilið hefur lengst og foreldrar taka lengur ábyrgð á framfærslu barna sinna en áður tíðkaðist.

Foreldrar hafa átt erfitt um vik að fá upplýsingar um ástundun og árangur nemenda í framhaldsskóla þrátt fyrir að þessir nemendur séu alfarið á framfæri foreldra sinna. Margur unglingurinn hefur flosnað upp úr skóla án þess að þeir sem næst honum standa hafi fengið tækifæri á ábyrgan hátt að koma að málum í samvinnu við skólann. Fyrir utan brotna sjálfsmynd unglinga veldur slíkt foreldrum og þjóðfélaginu í heild ómældu fjárhagslegu tjóni

Breytingin undirstrikar ábyrgð foreldra á framfærslu unglings og tryggir honum dvöl í foreldrahúsum a.m.k. til 18 ára aldurs sem er hagsmunamál á tímum atvinnuleysis. Þeir unglingar sem búa við svo óbliðar aðstæður í heimahúsum að þeir vilja eða verða að fara að heiman munu að sjálfsögðu eiga rétt á aðstoð yfirvalda til að losna úr slíkum hremmingum.

Breytingin styrkir foreldravaldið varðandi húsaga en hindrar ekki svigrúm einstaklinga með ábyrgan og heilbrigðan lífsstíl.

Unglingar sem þurfa vímumeðferð hafa komist upp með að hafna meðferð á grundvelli sjálfræðis og þannig farið sér að voða án þess að foreldrar gætu gripið inn í (nema með sjálfræðissviptingu sem fáir foreldrar treysta sér til.) Meðferðarúrræði ættu því að nýtast betur þeim sem komnir eru á villigötur.

Huga þarf að því hvort ástæða er til að endurskoða og samræma ýmis önnur ákvæði laga í kjölfar þessarar breytingar ef af henni verður, t.d. skattalaga þar sem persónuafsláttur ungmenna á framfæri foreldra fellur ónýttur niður.

Heimili og skóli hvetur flutningsmenn frumvarpanna tveggja að sameinast um orðalag og eitt frumvarp og skorar á þingheim allan að samþykkja þessa breytingu sem allra fyrst.

Virðingarfyllst

F.h. Heimilis og skóla

*Unnur Halldórsdóttir*

Unnur Halldórsdóttir